Stjórnarháttayfirlýsing

Íslensk verðbréf hf. („ÍV“ eða „félagið“) hóf starfsemi 31. mars 2025 í kjölfar sameiningar SIV eignastýringar og ÍV sjóða. Félagið er eignastýringarfyrirtæki sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „fjármálaeftirlitið“) Starfsheimildir félagsins taka til reksturs sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020 og reksturs verðbréfasjóða skv. lögum nr. 116/2021. Auk þess tekur starfsleyfi félagsins til eignastýringar og móttöku og miðlunar fyrirmæla varðandi fjármálagerninga skv. 1. og 4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020. Yfirlit yfir viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstraraðila sérhæfðra sjóða og rekstur verðbréfasjóða má nálgast á vefsíðu fjármálaeftirlitsins, www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit.

Félagið er í eigu Skaga hf. („Skagi“) og er félagið hluti af samstæðu Skaga en systurfélög þess eru VÍS tryggingar og Fossar fjárfestingarbanki.

Við gerð stjórnarháttayfirlýsingar þessarar var höfð hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ Iceland, 6. útgáfa frá febrúar 2021 (hér eftir nefndar „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“), og eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is.

ÍV hefur jafnframt hliðsjón af viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja í starfsemi sinni. Stjórnarháttayfirlýsing ÍV er birt í heild sinni í viðauka í ársreikningi félagsins og á vefsíðu félagsins, www.iv.is.

Þá starfar félagið m.a. í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (að því leyti sem við á), lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, lög nr. 2/1995 um hlutafélög, lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Félagið tryggir öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með í starfseminni í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi ÍV í samræmi við gildandi lög.

Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja í meginatriðum en víkur m.a. frá þeim hvað varðar boðun og auglýsingu hluthafafunda, þ.m.t. aðalfunda, sem helgast fyrst og fremst af því að hluthafi félagsins er einn. Af sömu ástæðu eru framboð til stjórnar ekki kynnt sérstaklega á vefsíðu félagsins. Stjórn starfrækir ekki endurskoðunarnefnd eða starfskjaranefnd þar sem stjórn telur að stærð og umfang félagsins gefi ekki tilefni til þess. Stjórn fjallar sjálf um málefni fyrrnefndra nefnda á stjórnarfundum. Þá hefur félagið ekki sett á fót tilnefningarnefnd af sömu ástæðum, og í ljósi þess hve hluthafar eru fáir. Stjórn metur árlega hvort þörf sé á að setja á fót undirnefndir.

ÍV lýtur opinberu eftirliti af hálfu fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Stjórn ÍV ber að koma á fót kerfi fyrir áhættustýringu og innra eftirlit félagsins, en einnig að fylgjast með virkni þess. Áhættustjóri hefur eftirlit með áhættustýringu félagsins en áhættustýringu félagsins er útvistað auk þess að innri endurskoðun er útvistað. Stjórn hefur eftirlit með rekstri félagsins og því að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Einnig skal stjórn annast sérstaklega um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Stjórn ÍV hefur sett innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar með talið áhættustefnu, reglur um lausafjárstýringu, reglur um aðskilnað starfssviða, reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum, reglur um meðhöndlun kvartana, reglur um viðskipti starfsmanna o.fl.

Reikningsskil ÍV eru unnin af Skaga samkvæmt sérstökum samningi um útvistun. Vörslufyrirtæki ÍV er T Plús hf. sem hefur tekið að sér að vera vörslufyrirtæki sjóða í rekstri ÍV, sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þá er fleiri verkefnum útvistað til Skaga skv. útvistunarsamningnum þar um, svo sem bókhalds- og uppgjörsþjónustu og innheimtu. Regluvörslu er útvistað til Skaga en regluvörður hefur umsjón með regluvörslu félagsins, en í því felst m.a. að hafa eftirlit með viðskiptum starfsmanna félagsins, ráðgjöf í tengslum við daglegar fyrirspurnir starfsmanna um málefni á sviði regluvörslu og samskipti við eftirlitsaðila. Áhættustjóri sér um áhættustýringu fyrir félagið, en í því felst m.a. að hafa eftirlit með því að sjóðir í stýringu félagsins séu innan þeirra viðmiða sem fjárfestingarstefna og reglur mæla fyrir um. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á vinnslu og skilum þeirra skýrslna sem ÍV ber skylda til að skila til opinberra aðila. Þá hefur stjórn félagsins tilnefnt persónuverndarfulltrúa og ábyrgðarmann aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættustýringu hefur verið útvistað með sérstökum samningi við Fossa fjárfestingarbanka. Innri endurskoðun hefur verið útvistað með sérstökum samningi þar um til Helgu Harðardóttur. Ytri endurskoðun er framkvæmd af KPMG ehf.

ÍV hefur skilgreint reynslu, traust og langtímaárangur sem gildi félagsins í rekstri þess.

Vegna tengsla félagsins við Skaga er lögð sérsök áhersla á óhæði félagsins frá Skaga og gagnsæi og rekjanleika í viðskiptum við Skaga, þ.e. með aðskilnaði starfsstöðva, takmörkun á upplýsingaflæði og aðgengi að gögnum og gerð skriflegra samninga milli félaganna. Þá er sérstakur aðskilnaður milli stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreindur í starfsreglum stjórnar, en til að mynda skulu stjórnarmenn ekki taka þátt í ákvörðunartöku er varða einstök viðskipti eða hafa áhrif á ákvarðanir sem varða stýringu sjóða í rekstri félagsins.

Að auki hefur stjórn félagsins sett verklagsreglur um eigin viðskipti ÍV og um viðskipti starfsmanna. Markmið þessara reglna er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins og jafnræði á milli þeirra, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika.

Starfsreglum stjórnar er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfseminni. Í því skyni er starfsreglum stjórnar ætlað að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félaga þeim tengdum við ÍV og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn.

Stjórn hefur sett skriflegar siða- og hátternisreglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð félagsins. Félagið gerðist aðili að Iceland SIF, sem er sjálfstæður vettvangur fyrir umræður og fræðslu um ábyrgar og sjálfstæðar fjárfestingar á árinu 2023.

Í stjórn ÍV eiga sæti þrír aðalmenn og tveir varamenn sem aðalfundur kýs árlega. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Meginstörf stjórnar koma fram í samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og ráðningarkjör og hefur eftirlit með störfum hans.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega eða oftar ef þörf krefur. Árið 2025 voru haldnir 10 stjórnarfundir og mættu allir stjórnarmenn á þá. Stjórnarfundir hafa allir verið haldnir á starfsstöð félagsins í Reykjavík fyrir utan einn fund sem haldinn var á starfsstöð félagsins á Akureyri

Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu félagsins, www.iv.is, en þar má einnig finna samþykktir félagsins. Þar að auki eru birtar ýmsar stefnur og reglur sem félagið hefur sett um starfsemi sína, svo sem stefna um varnir gegn hagsmunaárekstrum, reglur um upplýsingar um viðskiptamenn, reglur um viðskipti, stefna um meðhöndlun kvartana o.fl.

Stjórnarmenn félagsins eru þrír. Samkvæmt starfsreglum stjórnar skal stjórn árlega meta störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti. Auk þess skal stjórn meta störf framkvæmdastjóra og annarra daglegra stjórnenda. Hefur stjórn lagt mat á þessa þætti.

Andri Guðmundsson (f. 1982). Andri starfar sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Feel Good ehf. (VAXA). Hann situr í stjórnum tveggja dótturfélaga Feel Good – Hárækt ehf (rekstur VAXA á Íslandi)

og VAXA Odling I Sverige AB (rekstur VAXA í Svíþjóð). Andri var áður framkvæmdastjóri H.F. Verðbréfa hf., Fossa Markets AB og fyrirtækjaráðfjafar Fossa Fjárfestingarbanka. Andri er með B.Sc gráðu í eðlisfræði frá Háskóla Ísland og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Áður sat Andri í stjórn Glyms hf., SIV Eignastýringar hf. og Viðskiptaráðs Íslands. Andri er óháður ÍV, samstæðu ÍV (Skaga, VÍS og Fossa) og helstu hluthöfum Skaga.

Kolbeinn Friðriksson (f. 1981). Kolbeinn er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni hjá Höldi ehf. og framkvæmdastjóri Norðurbaða hf. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eikar fasteignafélags hf., í fyrirtækjaráðgjöf/markaðsviðskiptum Íslandsbanka/Glitnis og hjá Bakkavör Group. Kolbeinn er með M.Sc. gráðu í fjármálum frá Berlin School of Economics and Law og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Auk þess er hann með próf í verðbréfaviðskiptum.

Kolbeinn er stjórnarformaður Sjóbaða ehf. Hann tók sæti í stjórn ÍV árið 2025 og var áður í stjórn ÍV sjóða hf. frá árinu 2016. Hann telst vera óháður stjórnarmaður.

Ragnheiður Þorkelsdóttir (f. 1978). Ragnheiður er forstöðumaður upplifunar og vöruþróunar hjá VÍS. Starfaði áður sem forstöðumaður viðskipta- og vöruþróunar og gæðastjóri hjá sama félagi. Frá 2008 til 2019 starfaði Ragnheiður hjá ADVEL lögmönnum og var þar meðeigandi. Ragnheiður er með Cand. jur. gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands auk þess að vera með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Ragnheiður tók sæti í stjórn ÍV árið 2025 og var áður í stjórn SIV eignastýringar hf. frá árinu 2022.Hún telst vera háður stjórnarmaður.

Ragnheiður Þorkelsdóttir er starfsmaður hjá VÍS. Aðrir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Arnór Gunnarsson (f. 1978) er framkvæmdastjóri ÍV og jafnframt forstöðumaður eignastýringarsviðs. Hann hefur lokið B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann hefur lokið prófi sem Chartered Financial Analyst (CFA) auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Arnór starfaði frá 2013 til 2017 hjá Öldu sjóðum sem forstöðumaður hlutabréfa og þar áður frá 2006 til 2013 sem forstöðumaður hlutabréfa hjá Stefni hf., áður Rekstrarfélagi Kaupþings. Þar áður starfaði Arnór hjá eignastýringu fagfjárfesta Kaupþings hf. sem sjóðstjóri.

Samkvæmt samþykktum ÍV annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist ÍV frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

Samskipti félagsins við hlutahafa fara meðal annars fram á formlegum hluthafafundum. Í þessu sambandi skal tekið fram að félagið og Skagi hafa gert með sér samninga um útvistun og þjónustu. Í ljósi þess eiga sér einnig stað óformleg samskipti hluthafa og stjórnar milli hluthafafunda.

Þannig samþykkt af stjórn í Reykjavík þann 17. febrúar 2026

Andri Guðmundsson
Stjórnarformaður

Kolbeinn Friðriksson
Stjórnarmaður

Ragnheiður Þorkelsdóttir
Stjórnarmaður